

Þriðjudaginn 17. október 1989.

Nr. 172/1988. **Ásgeir Sigurðsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Valgeiri Sigurðssyni,

Landsbanka Íslands,

Mosfellsbæ

(Guðmundur Pétursson hrl.),

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.),

Búnaðarbanka Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.),

Þrotabúi Vörðufells hf.

(Baldvin Jónsson hrl.),

Útvegsbanka Íslands hf.

(Garðar Garðarsson hrl.),

Lífeyrissjóði verslunarmanna,

Lífeyrissjóði Landssambands vörubifreiðastjóra,

Björgun hf.

(Baldvin Jónsson hrl.),

Hagvirki hf.

(Kjartan Ragnars hrl.),

Ofnasmiðju Kópavogs hf.

(Baldvin Jónsson hrl.),

Nesti hf.

(Baldvin Jónsson hrl.),

B.M. Vallá hf.

(Baldvin Jónsson hrl.)

og

Nýbarða sf.

(Baldvin Jónsson hrl.).

Uppboð. Áfrýjunarleyfi. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hið áfrýjaða uppboð fasteignarinnar að Brekkutanga 18 í Mosfellsbæ verði ómerkt svo og öll málsmeðferð uppboðsréttar Kjósarsýslu og málinu vísað frá uppboðsrétti. Til vara krefst hann þess, að uppboðið verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og/eða uppkvaðningar úrskurðar um kröfur hans. Til þrautavara krefst hann, að þriðja og síðasta uppboð fasteignarinnar fari ekki fram nema að undangenginni löglegri auglýsingu og tilkynningu til sín. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Búnaðarbanki Íslands, þrotabú Vörðufells hf., Útvegsbanki Íslands hf., Björgun hf., Hagvirki hf., Ofnasmiðja Kópavogs hf., Nesti hf., B.M. Vallá hf. og Nýbarði sf. krefjast þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hið áfrýjaða uppboð verði staðfest. Þeir krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Landsbanki Íslands krefst staðfestingar uppboðsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Valgeirs Sigurðssonar, Mosfellsbæjar, Lífeyrisjóðs verslunarmanna og Lífeyrissjóðs Landssambands vöru-bifreiðastjóra hefur verið sótt þing fyrir Hæstarétti, en þingsókn fallið niður, án þess að kröfur væru hafðar uppi.

Verslunarbanka Íslands hf. var stefnt fyrir Hæstarétt í máli þessu. Við munnlegan málflutning féll áfrýjandi frá kröfum á hendur bankanum, sem afturkallað hafði uppboðsbeiðni sína. Af hálfu bankans hefur verið sótt þing fyrir Hæstarétti, en engar kröfur gerðar.

I.

Uppboðsmál þetta var þingfest í uppboðsrétti Kjósarsýslu 13. janúar 1984. Uppboðinu var síðan frestað nokkrum sinnum, án þess að áfrýjandi sækti þing, þar til fyrsta uppboð fór fram 18. júní 1985. Sótti áfrýjandi það og krafðist þess, að annað og síðara uppboð yrði haldið á eigninni. Var ákveðið, að það færi fram síðari hluta októbermánaðar. Enn var uppboði frestað nokkrum sinnum. Hinn 27. maí 1987 fór annað og síðara uppboð síðan fram. Eitt

boð kom í eignina, frá umboðsmanni stefnda þrotabús Vörðufells hf., sem krafðist útlagningar. Ekki var bókað, hvaða fjárhæð boðið nam. Áfrýjandi krafðist þess, að þriðja og síðasta uppboð yrði haldið á eigninni, og var ákveðið, að svo yrði gert eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara. Er það uppboð átti að fara fram 2. október 1987, sótti áfrýjandi þing með lögmanni, sem lagði fram skrifleg mótmæli gegn uppboðinu. Krafan var tekin til úrskurðar og kveðinn upp úrskurður á þá leið, að hið um beðna uppboð ætti að ná fram að ganga. Lögmaður áfrýjanda lýsti nú yfir því, að umbjóðandi sinn myndi áfrýja þessum úrskurði til Hæstaréttar. Þá tók uppboðshaldari fram, að þar sem fyrir lægi, að úrskurðinum yrði áfrýjað, hlyti uppboðsmálið að biða, þar til dómur Hæstaréttar lægi fyrir.

Hinn 11. febrúar 1988 ritaði skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf. uppboðshaldara og benti á, að liðnir væru rúmir fjórir mánuðir, síðan framangreindur úrskurður gekk, án þess að til áfrýjunar hans hefði komið, og væri áfrýjunarfrestur nú liðinn. Krafðist hann þess, að uppboðið færi fram. Með bréfi 19. febrúar tilkynnti uppboðshaldari áfrýjanda, að uppboðið færi fram 24. mars 1988. Áfrýjandi sótti það uppboðsþing og lögmaður með honum, sem mótmælti því, að uppboðið færi fram. Lögmaður áfrýjanda lýsti yfir því, að ákvörðun um framgang uppboðsins yrði kærð til Hæstaréttar eða henni áfrýjað. Uppboðið fór síðan fram, og var stefndi Valgeir Sigurðsson hæstbjóðandi.

Hinn 18. maí 1988 var uppboðsþing haldið að nýju. Hæstbjóðandi hafði ekki staðið við boð sitt, og var nú ákveðið, að vanefndauppboð færi fram á eigninni 13. júní 1988.

Lögmaður áfrýjanda ritaði dómsmálaráðuneytinu svofellt bréf 6. júní 1988:

„Ég leyfi mér hér með fyrir hönd Ásgeirs Sigurðssonar, Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, að fara þess á leit við yður, að umbjóðanda mínum verði heimilað að áfrýja til Hæstaréttar Íslands uppboði, sem fram fór 24. mars 1988 á fasteign umbj. míns, Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, sbr. meðf. endurrit úr uppboðsbók Kjósarsýslu, enda þótt hinn reglulegi áfrýjunarfrestur sé liðinn, sbr. 4. gr. 1. nr. 57/1949, sbr. og 1. mgr. 20. gr. 1. nr. 75/1973.

Vinsamlegast hraðið afgreiðslu þessa erindis.“

Áfrýjunarleyfi var gefið út 7. júní og hljóðar svo:

„Dómsmálaráðherra gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt umsókn veiti hér með Ásgeiri Sigurðssyni, Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, leyfi til þess að mega áfrýja til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 4. gr. 1. nr. 57/1949, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973, uppboði á hús-eigninni Brekkutanga 18, Mosfellsbæ, þinglesinni eign Ásgeirs Sigurðssonar, sem fram fór í uppboðsrétti Kjósarsýslu 24. mars 1988, þótt hinn lögboðni áfrýjunarfrestur sé liðinn. Þó skal áfrýjunarstefnan út tekin innan fjögurra vikna frá dagsetningu leyfisbréfs þessa að telja og málið síðan rekið með hæfilegum hraða og án óþarfs dráttar. Að öðrum kosti er áfrýjunarheimild samkvæmt leyfisbréfi þessu fyrirgert.“

Áfrýjunarstefna var síðan tekin út 9. júní 1988 og málið þingfest í Hæstarétti 3. október 1988. Því var þá frestað til janúar 1989 með samþykki stefndu og síðan aftur til febrúar, mars og maí, er áfrýjandi lagði fram ágríp dómsgerða og greinargerð af sinni hendi. Í júní voru lagðar fram greinargerðir af hendi stefndu, og var málinu þá frestað til munnlegs málflutnings. Lögmaður áfrýjanda pantaði dómsgerðir með bréfi 4. október 1988, og var tilkynnt 10. sama mánaðar, að þær væru tilbúnar til afgreiðslu. Samkvæmt yfirlýsingu hans við munnlegan málflutning voru þær leystar út 19. október 1988.

II.

Stefndu styðja frávisunarkröfu sína meðal annars þeim rökum, að áfrýjandi hafi að nauðsynjalausú látið áfrýjunarfrest samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, um nauðngaruppboð, líða. Hafi dómsmálaráðuneytið skort efnislega heimild til að veita áfrýjunarleyfi í málinu, en áfrýjunarleyfi samkvæmt niðurlagsákvæði þessarar lagagreinar megi aðeins veita, „ef sérstaklega stendur á“.

Áfrýjandi telur dómstöla ekki geta hnekkkt því mati ráðherra, sem felst í útgáfu áfrýjunarleyfis, og venjubundið, að ekki var af hálfu ráðuneytis óskað sérstakra skýringa við afgreiðslu þess. Þá telur hann málsástæðu þessa of seint fram komna og bendir á, að stefndu hafi hvað eftir annað fallist á frestun málsins fyrir Hæstarétti.

Dómendur „eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ.e., hvort yfirvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu“, eins og það var orðað í dómi Hæstaréttar 9. mars 1965 í málinu nr. 40/1965. Með dómi Hæstaréttar 3. nóvember 1965 í málinu nr. 177/1965 var við það miðað, að Hæstiréttur ætti dóm um lagaskilyrði leyfis til að bera mál undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð næmi eigi almennri áfrýjunarfjárhæð. Í dómi Hæstaréttar 9. mars 1966 í málinu nr. 95/1965 var þetta áréttað og sagt: „Fallast má í einu og öllu á þann lagaskilning, sem kemur fram í hinum nefndu hæstaréttardómum.“ Samkvæmt þessu á Hæstiréttur dóm um það, hvort fullnægt hafi verið lagaskilyrðum við útgáfu áfrýjunarleyfis í máli þessu.

Beiðni áfrýjanda um áfrýjunarleyfi var með öllu órökstudd. Við svo búið gat dómsmálaráðherra ekki lagt mat á, hvort sérstaklega stæði á í máli þessu, og brast því lagaskilyrði til útgáfu áfrýjunarleyfis. Áfrýjandi hefur ekki fært fram fyrir Hæstarétti neinar haldbærar skýringar þess, að áfrýjun dróst af hans hendi. Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.